

7. *Umdæmi héraðsdóms Suðurlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannanna á Hvolsvelli, á Selfossi og í Vík.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Suðurlands.
 - b. Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
8. *Umdæmi héraðsdóms Reykjaness skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannanna í Hafnarfirði og í Kópavogi.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Reykjaness.
 - b. Umdæmi Sýslumannanna í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumannsins í Keflavík.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er héraðsdómara rétt að halda dómþing utan reglulegra þingstaða ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál eða ef það horfir til hagræðis eða flýtis í máli.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 21. gr. laga um dómstóla nr. 15 25. mars 1998, öðlast gildi 1. júlí 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júní 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Samhug í verki.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Samhugur í verki, styrktarsjóður fyrir fórnarlömb náttúruhamfara. Heimili hans er í Reykjavík. Sjóðurinn er stofnaður af þeim aðilum, sem stóðu að fjársöfnun undir heitinu Samhugur í verki, í kjölfar snjóflóðsins á Flateyri í október 1995.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki og bætur vegna tjóns og röskunar af völdum náttúruhamfara, svo sem vegna snjóflóða, stórfelldra skriðufalla og jarðskjálfta, enda fáist tjónið ekki bætt með öðrum hætti. Óheimilt er, að sjóðurinn standi fyrir fjársöfnun, heldur veitir hann styrki og bætur af eigin fé sínu og fé sem aðrir aðilar fela honum til úthlutunar.

Sækja skal skriflega um framlög úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem sjóðstjórnin setur. Með allar upplýsingar um hagi umsækjenda og framlög úr sjóðnum skal fara sem trúnaðarmál.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 45.000.000 -fjörutíu og fimm milljónir króna-, sem eru úr styrktarsjóði fyrir fórnarlömb náttúruhamfara, er safnaðist eftir snjóflóði á Flateyri í október 1995. Verði hærrí fjárhæð eftir í sjóðnum, þegar sjóðstjórn Samhugar í verki, sem annast úthlutun til fórnarlamba snjóflóðsins á Flateyri, hefur lokið störfum sínum, skal sú fjárhæð, sem umfram kann að verða, einnig renna í sjóðinn. Bundið stofnfé sjóðsins er kr. 1.000.000 -ein milljón króna-.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Stjórnarmenn skulu tilnefndir til tveggja ára í senn af Hjálparstofnun kirkjunnar, Rauða krossi Íslands, fulltrúum fjölmiðla, félagsmálaráðherra og forsætisráðherra, einn af hverjum aðila. Formaður sjóðstjórnar skal vera sá stjórnarmaður, sem tilnefndur er af forsætisráðherra.

Ef meirihluta stjórnarinnar þykir ástæða til, getur hún farið þess á leit, að félagsmálaráðherra tilnefni tímabundið í stjórnina mann, sem sérstaklega er kunnugur högum fólks á hamfarasvæði, og kemur hann þá í stað þess stjórnarmanns, sem félagsmálaráðherra hefur áður tilnefnt.

Sjóðstjórnin skal koma saman til funda eftir þörfum og að minnsta kosti einu sinni á ári. Formaður boðar til stjórnarfunda.

5. gr.

Fjárvarsla er á ábyrgð sjóðstjórnarinnar, en hún skal semja við bankastofnun eða verðbréfafyrirtæki um vörslu og ávöxtun sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxtað með tryggunni hætti. Heimilt skal vera, að allt að einum fjórða hluta sjóðsins sé ávaxtað í verðbréfum, sem ekki eru ríkistryggð, svo sem í hlutabréfum og skuldabréfum án ríkisábyrgðar og í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Hlutabréf í eigu sjóðsins skulu vera í félögum, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, og má heildarhlutabréfaeign nema allt að einum fimmta hluta af eignum sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem stjórn sjóðsins ræður til starfans. Reikningarnir skulu birtir í Lögbirtingablaði eigi síðar en fimm mánuðum eftir lok reikningsárs.

7. gr.

Stjórnarmenn taka ekki laun úr sjóðnum fyrir störf sín. Útlagður kostnaður af starfi stjórnar greiðist úr sjóðnum.

8. gr.

Heimilt er dómsmálaráðherra að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra aðstæðna. Ennfremur er dómsmálaráðherra heimilt að breyta skipulagsskránni samkvæmt ósk meirihluta sjóðstjórnar.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna í sjóð eða til annars málefnis, sem stendur tilgangi sjóðsins nærri. Sjóðstjórn og dómsmálaráðherra skulu hafa samráð um ráðstöfun eignanna, en verði ágreiningur, skal lokaákvörðun í málinu vera í höndum dómsmálaráðherra.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júní 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.